

„Hvað er þetta?“

Þróunarverkefni leikskólans Austurkórs



Steinunn Jónsdóttir
María Guðjónsdóttir

Við í Austurkór ákváðum að taka þátt í þróunarverkefninu „Sjálfbærni og vísindi“ ásamt öðrum leikskólum Kópavogs.

Þar sem leikskólinn Austurkór var aðeins búinn að starfa í nokkra mánuði þegar þróunarverkefnið hófst var ákveðið að nálgast verkefnið út frá útinámi þar sem útinám á að vera einn af hornsteinum starfsins í Austurkór.

Verkefnið bar heitið „Hvað er þetta?“ og var markmiðið að ýta undir forvitni barnanna á umhverfi sínu, veita þeim tækifæri til nýrra upplifana og reynslu og að vekja athygli á því stóra og smáa sem finna má í náttúrunni sem og í manngerðu umhverfi. Einnig vildum við sjá hvort að þessi upplifun í náttúrunni myndi skila sér í leik barnanna inni í leikskólanum. Þetta allt saman fannst okkur tengjast vel því sem stendur í Aðalnámskrá leikskóla um sjálfbærni og vísindi en þar stendur meðal annars:

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja og merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.



Verkefnastjórar

Verkefnastjórar voru María Guðjónsdóttir og Steinunn Jónsdóttir. Hlutverk þeirra var meðal annars að undirbúa verkefnið, taka þátt í því með börnum og starfsfólki, vera leiðbeinandi fyrir starfsfólk sem og að sækja fundi og miðla upplýsingum. Einnig sinntu verkefnastjórar eftirfylgni, héldu að hluta til utan um gagnaöflun og lögðu lokahönd á skráningar og skýrslugerð.

Þátttakendur

Öll börn leikskólans sem og starfsfólk tóku þátt í þróunarverkefninu. Tvær yngstu deildarnar byrjuðu seinna þ.e. á vormánuðum 2015.



Undirbúningur verkefnisins

Byrjað var á að kynna verkefnið fyrir öllu starfsfólki leikskólans á skipulagsdegi. Farið var yfir og rætt var um hvernig staðið yrði að verkefninu. Starfsfólk skólans var áhugasamt og tók fullan þátt í að ræða um framkvæmd og skipulag verkefnisins. Einnig fóru allir í Magnúsarlund til að kanna hversu langan tíma tæki að fara þangað og hvernig best væri að vera með börnin þar en ætlunin var að nýta þennan frábæra lund í verkefninu okkar meðal annarra staða. Ákveðið var að kalla útinámsferðirnar „ævintýraferðir“.

Áætlað var að hver deild færi einu sinni í viku í ævintýraferð á ákveðnum degi þannig að það væru ekki allir að fara á sama tíma. Að hafa ákveðinn tíma til að fara á var mjög gott því að það auðveldaði allt skipulag og veitti börnum, foreldrum og starfsfólki öryggi og festu.

Útbúinn var bakpoki með ýmsu sem gott er að hafa með í ferðir eins og plástrum, pappír, pokum, stækkunarglerjum, glösum, diskum ofl.

Ákveðið var að hafa fáar en skýrar reglur í ævintýraferðunum. Aðalreglan er „alltaf að sjá kennara“. Þessi regla er hugsuð þannig að börnin geti farið nokkuð langt frá kennurunum til að kanna og rannsaka en um leið að vera örugg. Önnur regla er „koma þegar kennarinn flautar“. Alltaf var ein flauta með í ferð og var tilgangurinn með þessu að minnka hróp og köll kennaranna og að hafa skýr fyrirmæli fyrir börnin. Ef barn braut ítrekað reglur í ævintýraferðum þá voru viðurlögin við því að fá ekki að fara með í næstu ferð. Á meðan á þróunarverkefninu stóð þá gerðist það einu sinni að barn fór ekki með vegna brota á reglum.

Ferðirnar voru þannig lagðar upp að hver deild færi á sínum forsendum með það að leiðarljósi að skoða náttúruna og umhverfi skólans eins og það kemur börnunum fyrir sjónir. Ekki var lagt upp með neinar fyrirfram ákveðnar aðferðir um hvernig skyldi útsetja ferðina sem slíka. Hins vegar voru tilmæli til starfsmanna að staldra við og virða forvitni og umræður barnanna og veita þeim athygli. Starfsfólk var beðið um að fylgja eftir þeim áhuga sem að gæti orðið til í þessum ferðum og styðja við þann áhuga með starfi inni á deildum. Einnig var brýnt fyrir starfsfólkinu að ferðin á staðinn var alveg jafn mikilvæg og áfangastaðurinn.

Ferðirnar

Byrjað var á fullum krafti í verkefninu og fóru fjórar eldri deildarnar af stað í ferðir en yngri deildarnar tvær fóru af stað á vormánuðum 2015. Farið var eftir hádegi um leið og börnin voru búin að borða og hvíla sig. Strax í upphafi var ákveðið að taka með nesti í ævintýraferðirnar til að geta notað tímann sem best og að ekki yrði streita við að koma nógu snemma til baka til að borða í kaffitímanum.

Ferðirnar hafa verið fjölbreyttar og skemmtilegar og hafa börnin verið áhugasöm um þær og komið með óskir um hvert á að fara.



Farið hefur verið í Magnúsarlund, reiðhöllina hér rétt hjá, Kórin, leikið fyrir utan Hörðuvallaskóla, gengið um hverfið, farið með sleða í brekkuna bak við skólann og margt, margt fleira. Einnig hefur verið farið með strætó á hina ýmsu staði hér í bæ og til Reykjavíkur.



Öflun gagna

Við öflun gagna í verkefninu notuðum við ljósmyndir, myndbönd, fylgdumst með frjálsum leik barnanna (inni og úti) og skoðuðum teikningar og myndverk.

Í upphafi vetrar var sett upp sameiginleg skýrsla, þar sem að allar deildir áttu að skrá inná hvað var gert í ferðinni og hvert var farið og hvað bar helst á góma. Þessi skráning gekk upp og ofan en það eru margar skemmtilegar skráningar að finna í skýrslunni.

Hér má sjá sýnishorn af skráningum í skýrslunni okkar:

13. október 2014

Sjónarhóll

Veður: sól og svalt og milt veður

Áfangastaður: Magnúsarlundur

Hversu lengi á leiðinni: 30 mín

Og til baka: 30 mín

Hvernig var og hvað bar á góma:



Börnin voru létt í lundi. Í framhaldi af síðustu ferð voru börnin enn að spá í laufblöðum og fengu þau því í þessari ferð stækkunargler. Þau skoðuðu laufblöðin og tréin, hvort annað og ýmislegt fleira.

Við áttum mjög góðar stundir í Magnúsarlundi.

5. nóvember 2014

Lundur

Veður: Kalt og rok, rigning

Áfangastaður: Kórin

Hversu lengi á leiðinni: 30 mín.

Og til baka: 35 mín.

Hvernig var og hvað bar á góma:



Geðveikt gaman, horfðum á skólabörn í leikfimitíma, fórum á gervigrasið og á hlaupabrautina og börnin gjörsamlega tíndu sér af gleði.

Borðuðum svo nestið inní Kórnum uppi. Á heimleið var komið heldur betur stórveður og mikill vindur og rigning en þessar hetjur börðust í orðsins fyllstu merkingu við veðrið og höfðu betur.

ÞVÍLÍKAR HETJUR ☺

18. desember 2014

Askja

Veður: Mjög mikil snjócoma, og rok

Áfangastaður: Brekkan fyrir aftan leikskólann

Hversu lengi á leiðinni: 5 mín.

Og til baka: 5 mín.

Hvernig var og hvað bar á góma:

Krakkarnir renndu sér niður brekkuna og reyndu svo eins og þau gátu að klifra aftur upp með misjöfnum árangri. Mikið fjör var hjá flestum en einhverjir urðu óþolinmóðir við að komast ekki aftur upp.



17. mars 2015

Esja

Veður: Stillt og gott smá sól ☺

Áfangastaður: Magnúsarlundur

Hversu lengi á leiðinni: 20 mín.

Og til baka: ... sjá neðar

Hvernig var og hvað bar á góma:

Ferðinni var heitið í Magnúsarlund eftir mjög svo rysjótt ferðaveður undanfarinna vikna. Á leiðinni var spjallað þar sem vangaveltur um ástand Magnúsarlunda bar á góma. Þegar í lundinn var komið sáum við að hann var gegnsósa eftir úrkomu síðustu vikna og með öllu ófær. Við prófuðum að ganga upp fyrir hann líka en þar var enn rúmlega metersdjúpur snjór.

Því ákváðum við að taka okkur góðan göngutúr um hverfið, settumst niður hjá fótboltavellinum við Kórinn til að borða nestið okkar, og héldum svo göngunni áfram, alls var þetta rúmlega 2 klst. ganga í blíðskaparveðri sem stórir sem smáir höfðu gaman af. Á leiðinni þurftum við að sníða ferðina eftir færð en sums staðar var ekki hægt að ganga vegna umhleypinga. Hálfrosnir pollar vöktu mikinn áhuga barnanna, að hestunum við hesthúsin ógleymdum.



Öllum myndum, myndböndum og skráningum úr ævintýraferðunum var safnað saman á ákveðið svæði í tölvum skólans.

Deildarnar gerðu myndavegg með myndum úr ævintýraferðunum. Börnin voru/eru mjög áhugasöm um myndirnar og skoða þær reglulega og vekja þær oft upp umræður um hvað var gert og hvað var mest spennandi í ævintýraferðunum. Setningar eins og „manstu þegar við vorum...“ og „eigum við að gera eins og þá?“ heyrast gjarnan við myndavegginn.



Niðurstöður og mat

Markmiðin með þátttöku okkar í þróunarverkefninu um sjálfbærni og vísindi voru að festa útinám í sessi í skólastarfinu, ýta undir forvitni barnanna á umhverfi sínu, veita börnunum tækifæri til nýrra upplifana og að vekja athygli þeirra á því stóra og smáa sem má finna í umhverfi okkar. Einnig vildum við sjá hvort að þessi upplifun myndi skila sér í leik barnanna inni í leikskólanum.

Nú í lok verkefnisins eru ævintýraferðir orðnar fastur liður í dagskipulagi skólans og börn og starfsfólk eru áhugasöm um að halda áfram að fara í slíkar ferðir. Börnin eru farin að þekkja umhverfi skólans og hverfisins alls betur og eru örugg með sig fyrir utan leikskólalóðina.

Börnin eru eftirtektarsöm og taka eftir breytingum í umhverfinu. Úthald og þol barnanna hefur aukist til muna og hafa ævintýraferðirnar eftir þau á margan hátt. Ferðirnar hafa verið mjög fjölbreyttar og hafa börnin því haft tækifæri til nýrra upplifana og bætt í reynslubankann sinn. Upplifun barnanna í ævintýraferðunum skilaði sér ekki mikið inn í leik þeirra en þau nýttu reynsluna í næstu ferðum og í óskum um hvert ætti að fara næst.

Farið var í ferðirnar í allskonar veðrum og börnin fengu að kynnst því hvernig veðrið er síbreytilegt hjá okkur. En í vetur var veðrið oft að stríða okkur og þar sem við erum með mikið af ungum börnum þá var ekki alltaf fært fyrir þau í ævintýraferðir. Stundum komust börn og starfsfólk rétt út að hliði í garðinum en þá varð að snúa við því rokið var það mikið. En slíkar ferðir bættu aldeilis í reynslubanka barnanna því það er gott að kynnst íslensku veðri og fjölbreytileika þess. Einnig kom það fyrir í haust að ekki var hægt að fara út vegna mengunar frá eldstöðvunum í Holuhrauni. Við brugðum stundum á það ráð að hafa ævintýraferðirnar inni og settum þá upp ný og spennandi verkefni innandyrna til að upplifa og taka þátt í. Til dæmis þegar mengunin var mikil þá horfðu börnin á beina útsendingu frá gosinu og teiknuðu myndir og ræddu um gosið og afleiðingar þess.



Það er mat okkar í Austurkór að verkefnið hafi í heild sinni gengið vel. Í upphafi var ákveðið að fara með alla deildina í einu í ævintýraferðir og hefur það gengið eftir í vetur. Við erum stolt af því að farið var með allan barnahópinn í þessar ferðir þar sem stór hluti hans er fæddur árin 2012 og 2011. Starfsfólk hefði mátt vera duglegra að nýta upplifun barnanna í ferðunum í vinnu inni á deild og tengja þannig betur ævintýraferðir og daglegt starf. Ferðirnar voru góðar en ekki nógu mikið unnið úr þeim eftir á. Myndaveggurinn hjálpaði

mikið til við að halda ferðunum lifandi inni í leikskólanum. Þegar myndir úr ferðunum voru settar uppá veggina urðu börnin mjög upptekin af því hverjir voru á myndunum frekar en hvað var að gerast á myndunum. Þegar leið á veturinn og myndunum fjölgaði þá fóru börnin meira að ræða um hvað væri um að vera og hvert þau hefðu farið og hvað þau höfðu séð.

Lokaorð

Þetta verkefni hefur gefið okkur mikið í Austurkór og hefur styrkt okkur í þeim starfsaðferðum sem við viljum starfa eftir. Með því að taka þátt í þróunarverkefninu um sjálfbærni og vísindi höfum við náð að festa í sessi ævintýraferðir og aukið meðvitund starfsfólks um hversu mikilvægt það er fyrir börn að fá margvíslegar upplifanir og reynslu til að auka getu sína. Við munum halda áfram að fara í ævintýraferðir, þróa þær og hafa þær fjölbreyttar eins og verið hefur. Einnig munum við vinna í því að tengja þær betur inn í skólann og þar með daglegt starf.